

Fundargerð 87. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 20. júní kl. 09:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir og Knútur Emil Jónasson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fjármál Samtaka orkusveitarfélaga - 2501003SO

Farið var yfir fjárhagsstöðu samtakanna og áætluð útgjöld út árið.

2. Sameiginleg hagsmunamál SO og SSKS - 2506001SK

Stjórnir Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum fóru í vinnu við að greina sameiginleg hagsmunamál.

Formönnum beggja samtaka og starfsmanni samtakanna falið að taka saman helstu niðurstöður.

3. Næstu skref SO og SSKS - 2410001SO

Farið var yfir næstu skref í sameiginlegri hagsmunabaráttu beggja samtaka.

Formönnum beggja samtaka og starfsmanni samtakanna falið að taka saman drög að næstu skrefum og verkaskiptingu milli samtakanna.

Fundi var slitið kl. 13:00